

Frestun á mótinu sem áætlað var 18. september 2010

DSÍ var að fá þær fréttir að Laugardalshöllin væri ekki laus fyrir fyrirhugað afmælistótt laugardaginn 18. september nk. Þau hús sem eru í boði eru ekki nægilega stór að mati afmælisnefndar og stjórnar DSÍ.

Afmælisnefndin mun halda áfram að finna húsnæði en greinilegt er að það verður að fresta þessu móti um óákveðinn tíma. Stefnt er að það verði samt sem áður fyrir áramót.

Stjórn DSÍ leggur mikið upp úr því að gera þetta mót eftirminnilegt. Því þarf að finna húsnæði sem hentar bæði fyrir áhorfendur sem og keppendur.

Mótið er hugsað sem fjáröflun fyrir landsliðið í samkvæmisdönsum. DSÍ mun ekki taka af aðgangseyrinum til að mæta kostnaði heldur verður leitað eftir styrkjum hjá fyrirtækjum og félögum. Einnig hefur verið óskað eftir því að allir sem koma að undirbúningi og framkvæmd mótsins geri það í sjálfboðavinnu til þess að aðgangseyrir fari óskiptur í þennan sjóð.

Okkur finnst mjög leitt að þurfa að fresta mótinu en það er ekki hægt annað eins og málin eru í dag.

Kær kveðja,
Jónas Dalberg
formaður DSÍ

Björn Sveinsson
formaður afmælisnefndar
www.dsi.is